

**Nd.**

**732. Frumvarp til laga**

**[215. mál]**

um skemmtanaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed., 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 554 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1. og 2. flokki.

6. gr. hljóðar svo:

Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilaskjóð, nema annars sé getið í lögum þessum.

Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanfögnu hafa notið tekna vegna framannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að féð verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

8. gr. hljóðar svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1.5% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.